

Ath! Þessi útgáfa upplýsingabréfsins er ætluð þeim skólum sem kjósa að afla skriflegs samþykkis frá foreldrum við fyrirlögn á nemendakönnun Skólapúlsins (sjá nánar hér að neðan). Skriflegt samþykki foreldra er þó ekki lagaleg skylda til framkvæmdar á könnuninni.

Kæru foreldrar/forsjáraðilar,

Skólinn notar kannanir Skólapúlsins til að fylgjast með og bæta innra starf skólans. Liður í því er að spyrja úrtak nemenda í skólanum spurninga um námsumhverfi þeirra, virkni í námi og líðan. Í töflunni hér fyrir neðan er yfirlit yfir það sem metið er.

Námsumhverfi	Virkni í námi	Líðan
• Viðhorf og hollusta til skólans • Samsömun við nemendahópinn • Stuðningur kennara við nemendur • Virk þátttaka nemenda í tímum • Tíðni leiðsagnarmats (endurgjöf til nemenda) • Hvatning til ígrundunar (vitsmunaleg örvun)	• Námsáhugi • Vinnulag í námi • Fjarvera: Seinkomur í tíma • Fjarvera: Skróp í tíma • Fjarvera án leyfis heilan dag • Ástæður fjarveru	• Vellíðan • Hamingja • Sjálfssálit • Stjórn á eigin lífi (stjórnrot) • Þunglyndi • Kvíði • Svefnleysi • Ástæður svefnleysis • Einelti • Áreitni og ofbeldi

Þeir nemendur sem lenda í úrtakinu svara spurningalista á netinu einu sinni á árinu og tekur um 20 mínútur að svara listanum. Könnunin er hluti af sjálfsmati skólans. Niðurstöður eru eingöngu birtar skólum í formi meðaltala og hlutfalla fyrir hópa. Vinnsla könnunarinnar uppfyllir skilyrði laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Engum persónuupplýsingum er safnað í Skólapúlsinum og því ekki hægt að sjá hver svaraði hverju.

Nánari upplýsingar um könnuna eru á www.skolapulsinn.is/um. Einnig er hægt að hringja í starfsfólk Skólapúlsins í síma 583-0700 eða senda tölvupóst á skolapulsinn@skolapulsinn.is.

Ég gef leyfi mitt til að barn mitt taki þátt í könnuninni Skólapúlsinn sem lýst er hér að ofan

Skóli: _____

Nafn barns: _____

Undirskrift foreldris/forsjáraðila: _____